

Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn

Skilmálar sjóðsins vegna notkunar á veittum styrk

Skilmálum sjóðsins og sérstökum ákvæðum stjórnarinnar fyrir styrkveitingunni verður að hlýta:

- Styrkurinn skal nýttur á tímabilinu frá 1. janúar það ár sem sótt er um fram að 30. júní árið eftir.
- Styrkur sem ekki hefur verið nýttur á þeim tíma skilast sjálfkrafa tilbaka til sjóðsins.
- Frestur á nýtingartíma styrksins er einungis veittur í undantekningartilvikum eftir að skrifleg umsókn hefur borist sjóðnum.
- Styrkinn verður að nota í þeim tilgangi sem tilgreindur er í ákvörðuninni. Aðeins er hægt að gera undantekningu eftir að skrifleg umsókn hefur borist sjóðnum.
- Gera verður grein fyrir notkun styrksins til sjóðsins með því að skila inn meðfylgjandi lokaskýrslu sem senda skal inn með tölvupósti á svensk-isländskafonden@norden.se. Skýrslunni skal skilað inn til sjóðsins eigi síður en þremur mánuðum eftir að styrkurinn hefur verið notaður (þó ekki síður en 30. september árið eftir umsóknarárið). Lokaskýrslunni má gjarnan fylgja viðauki og myndir.
- Nafn sjóðsins og lógó þarf að koma fram í tengslum við þá starfsemi sem hlotið hefur styrk frá sjóðnum.
- Upplýsingar um umsóknina, veitta upphæð, lokaskýrslu o.s.frv. eru opinberar og sjóðurinn getur valið að birta þær upplýsingar á heimasíðu sjóðsins eða í öðru samhengi.
- Ákvarðanir um allar umsóknir eru teknar af stjórn sjóðsins og ekki er hægt að áfrýja þeim ákvörðunum.

Vinsamlegast gefið upp númer styrkveitingarinnar þegar haft er samband við sjóðinn